

27. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)

Haldinn þriðjudaginn 24. mars kl. 15:30.

Fundarstaður: Fjarfundur á Teams

Viðstaddir:

Stjórnarmenn: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, formaður, Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kristján Þór Magnússon frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar og Bogi Nils Bogason, Ingibjörg Ólafsdóttir og Þórir Garðarsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar.

Aðrir: Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF (áheyrnarfulltrúi), Hildur Sverrisdóttir, aðstoðarmaður ferðamálaráðherra, Orri Páll Jóhannsson, aðstoðarmaður umhverfis- og auðlindaráðherra, Ólafur Teitur Guðnason, aðstoðarmaður ferðamálaráðherra, Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF, Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri (áheyrnarfulltrúi), Svanhildur Hólm Valsdóttir, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, og Sigrún Brynja Einarsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar (*til samþykktar*).

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram til samþykktar og verður birt á vefsíðu ANR.

2. Staða og viðbrögð vegna COVID-19 faraldursins.

Framsaga undir dagskrárliðnum var þríþætt: Ráðherrar fóru yfir aðgerðir stjórnvalda til þessa, fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga fóru yfir aðgerðir sveitarstjórnarstigsins og mögulegar tímasetningar þeirra og formaður, framkvæmdastjóri og fulltrúar Samtaka ferðaþjónustunnar fóru yfir stöðuna innan greinarinnar. Fyrir liggur að staðan er gríðarlega alvarleg og hröð viðbrögð skipta öllu.

3. Önnur mál.

Ákveðið að halda stuttan fund þriðjudag fyrir páska, 7. apríl, til að taka stöðuna.

Fundi slitið kl. 16:00.